



Fjórðungssjúkrahúsið
á Akureyri

Sérfræðingur í geðlækningum

Laus er til umsóknar staða sérfræðings í geðlækningum við geðdeild sjúkrahússins sem skiptist í bráðalegudeild, dagdeild og göngudeild. Umsækjandi skal hafa fullgild réttindi í geðlækningum. Starfinu fylgir vaktskylda á geðdeild, þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta, þjálfun aðstoðar- og deildarlækna, auk þátttöku í rannsóknavinnu. Starfsskylda er við heilbrigðisstofnanir á Norður- og Austurlandi.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sjúkrahúslækna, samanber kjarasamning Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra.

Starfið veitist frá 1. janúar 2006.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2005.

Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu ásamt hæfileikum á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Umsóknir, á þar til gerðum eyðublöðum, ásamt meðfylgjandi gögnum skulu berast í tvíriti til Þorvaldar Ingvarssonar, framkvæmdastjóra lækninga, 600 Akureyri, thi@fsa.is og gefur hann jafnframt nánari upplýsingar ásamt Sigmundi Sigfússyni forstöðulækni geðdeildar, sími 463 0100.

Öllum umsóknum verður svarað.

Félag íslenskra gigtlækna

Vísindastyrkir

Vísindasjóður Félags íslenskra gigtlækna auglýsir til umsóknar allt að þrjú rannsóknastyrki.

Umsóknarfrestur er til 9. janúar 2006. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást hjá Helga Jónssyni, formanni sjóðsins, Landspítala Fossvogi, í síma 543 6465, helgijon@landspitali.is

Opinn dagur lyfjafræðinnar

Dagur lyfjafræðinnar verður haldinn þann **5. nóvember 2005 í Iðnó-Tjarnarbakkanum**.

Um fjöllumunarefnið er að þessu sinni nýjungar og framtíðarsýn í lyfjafræði.

Dagskrá hefst klukkan 14.00 og er öllum opin

Fyrirlesarar verða meðal annars Dr. Martin Todd, Portfolio and Planning Manager, Global Sciences and Information, AstraZeneca Pharmaceuticals, Macclesfield, UK. og Hákon Hákonarsson, MD, framkvæmdarstjóri klínískra rannsókna hjá Íslenskri erfðagreiningu.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Lyfjafræðingafélags Íslands, www.lfi.is

Lyfjafræðingafélag Íslands

